

2007070033
8717; 9310

Línuhönnun hf
Friðrika Marteinsdóttir
Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2007

Efni: Efnistaka í Lambafelli í Ölfusi. Ákvörðun um matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Árvéla sf. að matsáætlun um efnistöku í Lambafelli, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Línuhönnunar f.h. Árvéla sf. dags. 5. nóvember 2007 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Árvélar. Efnistaka í Lambafelli. Línuhönnun. 5. nóvember 2007.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu Árvéla sf. hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Sveitarfélaginu Ölfusi, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, iðnaðarráðuneyti og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 5. desember 2007, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 21. nóvember 2007, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 28. nóvember 2007, iðnaðarráðuneyti með bréfi dags. 14. desember 2007 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 26. nóvember 2007. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá Árvélum sf. í kjölfar umsagna með tölvupósti dags. 6. desember 2007.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Árvéla sf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi Línuhönnunar dags. 6. desember 2007 og með eftirfarandi athugasemdum.

Haugsetning og landmótun

Í kafla 4.3.3 á bls. 12 í tillögu að matsáætlun er fjallað um landslag og sjónræna þætti. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram hvort áformað er að setja í námuna aðflutt efni og þá hvernig verði staðið að haugsetningu þess sem og úrkasts sem fellur til við námuvinnsluna, líkt og Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni og tekið er undir í svörum Árvéla sf.

Geymsla og meðferð hættulegra efna

Í kafla 4.3.11 á bls. 14 í tillögu að matsáætlun er fjallað um vatnsvernd. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram hvernig verði hátað meðferð og geymslu eldsneytis og hættulegra efna á starfstíma, líkt og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á og tekið er undir í svörum Árvéla sf. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áætluðu magni hættulegra efna og hvaða ráðstafanir verði gerðar til að koma í veg fyrir og bregðast við mengunarslysum af völdum hættulegra efna sem geymd eru á framkvæmdasvæðinu.

Eignarhald og leyfisveitingar

Í köflum 3.4 og 3.5 á bls. 11 í tillögu að matsáætlun er fjallað um eignarhald og leyfisveitingar. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram hvort náman eða hluti hennar sé á þjóðlendu og ef svo er þarf jafnframt að koma fram að efnistakan er háð leyfi iðnaðarráðuneytisins skv. 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.

Póroddur F. Póroddsson

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Sveitarfélagið Ölfus, umhverfisráðuneyti, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, iðnaðarráðuneyti og Umhverfisstofnun.